

**73. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
20. nóvember 2017 og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes Karl Guðjónsson áheyrnarfulltrúi, Stefán Þór Þórðarson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdí Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdí Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. **1711076 - Aðalaðveituæð hitaveitu með Akrafjallsvegi 51 - framkvæmdaleyfi**

Umsókn Veitna ohf. um framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun aðveituæðar hitaveitu í landi Akraneskaupstaðar með Akrafjallsvegi 51.
Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að framkvæmdaleyfi fyrir legu nýrrar hitaveitulaglagnar verði samþykkt.
2. **1711086 - Sementsverksmiðja - kæra vegna útboðs um niðurrif**

Lagt fram minnisblað Landslaga vegna útboðs á niðurrifi sementsverksmiðjunnar, dags. 16. nóvember 2017.
Jafnframt lagt fram bréf kærunefndar útboðsmála, dags. 7. nóvember 2017, ásamt kæru Ellerts Skúlasonar ehf. og A.B.L. tak ehf., dags. 2. nóvember 2017. Landslögum falið að svara kærunni f.h. Akraneskaupstaðar í samvinnu við sviðsstjóra.
3. **1710116 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2018-2022.**

Sviðsstjóri fór yfir drög að fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2018-2022.
4. **1704039 - Úthlutun lóða**

Úthlutunarreglur lóða.
Sviðsstjóri fór yfir fyrirliggjandi reglur um úthlutun lóða í sveitarféluginu.
5. **1708044 - Gjaldskrár skipulags- og umhverfissviðs (gatnagerðargjöld og fl.)**

Sviðsstjóri fór yfir drög að breytingum á gjaldskrá gatnagerðargjalda.
6. **1610040 - Lóðaleigusamningar - útrunnir**

Um er að ræða endurnýjun á eftifarandi lóðaleigusamningum:
Ægisbraut 19, 23 og 27
Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á ofangreindum lóðaleigusamningum. Lóðarleigusamningar verða gerðir til 1. jan. 2038.



7. 1710151 - Kalmansvellir 6 - umsókn um byggingarleyfi

Sótt er um að byggja við Kalmansvelli 6. Óskað er eftir álti ráðsins þar sem byggingin fer út fyrir byggingarreit á einum stað.

Lagt er til að erindið verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Grenndarkynningin skal ná til eigenda húsa við Kalmansvelli 4A, 4B og Smiðjuvelli 1.

8. 1606006 - Aðalskipulag - endurskoðun 2016

Drög til kynningar vegna breytinga á aðalskipulagi Akraness 2005-2017.

Lögð fram drög að endurskoðuðu Aðalskipulagi Akraness 2018 - 2030.

9. 1711154 - Lækjarflói 14 - Fyrirspurn til byggingarfulltrúa

Fyrirspurn til byggingarfulltrúa um afstöðu til vinnubústaða á tveimur lóðum nr. 14 og 16 við Lækjarflóa.

Byggingarfulltrúi kynnti málið.

10. 1609104 - Deilisk. Æðarodda - Æðaroddi 36 breyting

Bréf Skipulagsstofnunar dags. 15. nóv. 2017.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að auglýsa skipulagsbreytinguna í B-deild stjórnartíðinda.

Hestamannafélaginu verði kynnt niðurstaða ráðsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.

*Eiríkur Brønnur
Steinar Þorðarson
Kristinn Sigurðsson
Jónas Karl Guðjónsson
Valgerður E. Þórssen
Sigríður H.
Steinþór Steindóttir
Sindri Birgisson
Raldur Sigurbjörnsdóttir.*